

## **Reglur um framlag til heilsueflingar starfsmanna Sveitarfélagsins Hornafjarðar**

Sveitarfélagið er samstarfsaðili Embættis landlæknis um heilsueflandi samfélag og hefur samþykkt að veita starfsmönnum sínum styrk til heilsueflingar. Styrkur til heilsueflingar er annarsvegar veittur til almennrar heilsueflingar og hinsvegar vegna aðgangs að sundlaug Hafnar í samræmi við neðangreint.

### **Markmið**

Að hvetja starfsmenn til að stunda heilsurækt að staðaldri í þeim tilgangi að bæta líkamlegt ástand þeirra. Reglubundin hreyfing og gott líkamlegt ástand stuðlar að bættri andlegri og líkamlegri heilsu ásamt meiri starfsánægju.

### **Framlag til heilsueflingar**

Hver starfsmaður í 100 % starfi hjá sveitarfélaginu fær árlega greiddan styrk að upphæð kr. 20.000 –. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfall af upphæðinni í samræmi við starfshlutfall.

### ***Greitt er fyrir***

- Kort í líkamsræktarstöð.
- Einkabjálfun í líkamsræktarstöð.
- Félagsgjöld til íþróttafélaga, ferðafélaga, hestamannafélags og golfklúbbs.
- Námskeið í hreyfingu á vegum ofangreindra félaga og annarra félaga eða einkaaðila.
- Þátttöku í lengri skipulögðum göngum s.s. á vegum Ferðafélags Austur Skaftfellinga.

Styrkurinn er greiddur gegn framvísun reiknings fyrir líkamsræktarúrræði að eigin vali. Skila þarf reikningi til launadeildar fyrir 20. hvers mánaðar og styrkurinn er greiddur með næstu launagreiðslu. Ónýttur styrkur fellur niður um áramót.

### **Árskort í sund**

Sérstakur íþróttastyrkur fyrir árskort í sund er greiddur til fastráðinna starfsmanna sveitarfélagsins. Starfsmaður þarf að panta árskortið í afgreiðslu sundlaugar.

Samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar 11. apríl 2024.

Sigurjón Andrésson  
bæjarstjóri